

Arason, Þ., G. N. Petersen og H. Björnsson (2013), Notkun eldinga í gosmekki til að ákvarða staðsetningu eldgoss, *Sumarþing Veðurfræðifélagsins*, Reykjavík, 13. júní 2013.

## **Notkun eldinga í gosmekki til að ákvarða staðsetningu eldgoss**

Þórður Arason, Guðrún Nína Petersen og Halldór Björnsson

Veðurstofu Íslands, Reykjavík

Eldgos undir jökli geta leitt til hamfaraflóða og sums staðar háttar þannig til að lítil tilfærsla gosstöðvar skiptir sköpum um hvert flóðið rennur. Því er mikilvægt fyrir almannavarnir að finna sem fyrst nákvæma staðsetningu gosstöðvar. Nokkrar leiðir hafa verið notaðar til að ákvarða staðsetningu, en stundum reynast þær ófullnægjandi og því mikilvægt að líta einnig til annarra möguleika. Veðurstofan hefur beinan aðgang að eldingamælingum frá bresku veðurstofunni. Staðsetning á stakri eldingu gefur líklega villandi mynd, en það er hugsanlegt að meðalstaðsetning margra eldinga sé nærri gosstöðvum. Í öflugum eldgosi undir jökli má telja fullvíst að mikil eldingavirkni hefjist í gosmekkinum 10-30 mínútum eftir að gosið kemur upp úr jöklinum. Hugsanlega má því fá gagnlegar upplýsingar um staðsetningu gosstöðvar á fyrstu klukkustund gossins. Með því að taka tillit til vinds má auka nákvæmni í matinu. Eldingamælingar frá nokkrum síðustu eldgosum hafa verið skoðaðar í þessu ljósi. Lýst er nýlegu sjálfvirku kerfi sem vaktar eldingavirkni við Ísland, en vonast er til að á fyrstu klukkustundum næsta eldgoss megi hafa gagn af því. Fylgjast má með niðurstöðum á <http://brunnur.vedur.is/athuganir/eldingar/eldgos/>.